

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 — 1968

24. marz 1968.

17

Nr. 4.

L Ö G

um hækkun á bótum almannatrygginga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frá 1. janúar 1968 skulu bætur samkvæmt lögum nr. 40/1963, um almannatryggingar, aðrar en fjölskyldubætur, hækka, eftir því sem við getur átt, um 10% frá því, er þær að meðtalinni verðlagsuppbót voru í nóvembermánuði 1967.

Fjölskyldubætur skulu frá 1. desember 1967 vera jafnháar og þær voru í nóvembermánuði 1967.

Bótafjárhæðir almannatrygginga, eins og þær verða eftir gildistöku laga þessara, skulu frá 1. janúar 1968 teljast grunnupphæðir, sbr. lög nr. 70/1967, um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar. Allar bótafjárhæðir, sem tilgreindar eru í almannatryggingalögum og gilda eiga samkvæmt 1. og 2. málsg. þessarar greinar, skulu reiknaðar í heilum krónum, þannig að hálf króna eða stærra brot hækkar í heila krónu, en minna brot fellur niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 24. marz 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

10. apríl 1968.

Nr. 5.

L Ö G

um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga ársins 1968 (lög nr. 85/1967) er ríkisstjórninni heimilt að lækka fjárveitingar á eftirtöldum fjárlagaliðum árið 1968 sem hér segir:

A 3